

Fundargerð 48. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2018, miðvikudaginn 10. október kl. 12:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar á Hilton Nordica Reykjavík hóteli.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónsson og Liv Aase Skarstad.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórn 2018-2020 - 1811005SU

Nýkjörin stjórn samtakanna skiptir með sér verkum.

Formaður setti fyrsta fund nýkjörinnar stjórnar. Fór því næst yfir það verklag sem stjórn hefur tamið sér varðandi boðun stjórnarfunda, fundarþátttöku stjórnarmanna í síma og samþykkt stjórnarfundargerða. Einnig stiklaði hann á helstu verkefnum sem eru framundan hjá stjórn. Þá samþykkti stjórn að boðað verði til næsta stjórnarfundar bráðlega.

Formaður lagði til að Fannar yrði gjaldkeri stjórnar og var það samþykkt.
Þorgeir Pálsson úr varastjórn samtakanna sat fundinn.

Fundi var slitið kl. 12:45

Gauti Jóhannesson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónsson

Liv Aase Skarstad